

Innanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Utanríkismálanefnd Alþingis**
Sendandi: **Innanríkisráðuneyti**
Dagsetning: **21.11.2012**
Málsnúmer: **IRR10121198**
Bréfalykill: **2.13.22**

Efni: Nánari upplýsingar að beiðni utanríkismálanefndar vegna upptöku tilskipunar 2008/114/EB í bókun 31 við EES-samninginn

Vísað er til kynningar fyrir utanríkismálanefnd Alþingis hinn 25. september 2012 á tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2012 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn.

Hér að neðan er leitast við að svara spurningum utanríkismálanefndar sem upp komu á fundinum, sbr. einnig nánar tölvupóst nefndarritara utanríkismálanefndar, dags. 8. október sl. Eru spurningar nefndarritara utanríkismálanefndar í millifyrirsögnum.

Staða málsins

Hvernig er þetta mál EES-relevant?

Um er að ræða breytingu á bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES samninginn, sbr. 78. gr. EES-samningsins, en þar er m.a. fjallað um samstarf á sviði almannavarna. Ekki er um að ræða upptöku gerðar í viðauka við EES-samninginn, sbr. 7. gr. EES-samningsins og því ekki um að ræða skuldbindingu til innleiðingar. Í bókun 31 við EES-samninginn eru teknar upp gerðir sem varða nána samvinnu samningsaðila og eru til þess fallnar að ná markmiðum samningsins.

Forsaga þess að málið er komið til kasta Alþingis

Enda þótt tilskipunin feli ekki í sér bindandi reglur þá er engu að síður líklegt að sá þáttur í samstarfinu sem felur í sér tilnefningu ómissandi innviða hér á landi samkvæmt íslensku regluverki, sem ómissandi innviði í Evrópu í skilningi tilskipunarinnar, kalli á skýrari lagagrundvöll. Var því talið rétt að taka þessa ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar með stjórnskipulegum fyrirvara af hálfu Íslands og leggja hana fyrir Alþingi.

Hvaða áhrif hefur innleiðing tilskipunarinnar?

Tilskipunin miðar að því að efla samstarf í Evrópu um að greina og auðkenna ómissandi innviði í Evrópu og meta þörfina á að bæta vernd þeirra. Röskun ómissandi innviða kann að hafa veruleg áhrif þvert á landamæri í Evrópu vegna samtengingar eða víxlverkunar grunnvirkja í álfunni. Samstarfið miðar að því að beita sameiginlegri aðferðafræði samstarfsríkja við að greina ómissandi innviði í Evrópu og að byggt verði á sameiginlegri lágmarksnálgun við mat á

öryggiskröfum. Þátttaka í þessu samstarfi getur verið mjög gagnleg fyrir íslensk stjórnvöld, þar sem fyrir liggur að íslensk stjórnvöld munu í æ ríkari mæli leggja áherslu á vernd ómissandi innviða. Vísast í þessu sambandi til áhættuskoðunar almannavarna frá árinu 2011 og samþykkt almannavarna- og öryggismálaráðs frá árinu 2009.

Tilskipunin byggir á því að hvert ríki skilgreini ómissandi innviði í sínu heimalandi og skilgreini jafnframt hvort og með hvaða hætti þeir innviðir séu háðir öðrum innviðum innanlands eða í Evrópu. Komist íslensk stjórnvöld að þeirri niðurstöðu að ómissandi innviðir hér á landi tengist eða séu háðir ómissandi innviðum í Evrópu, gerir tilskipunin ráð fyrir því að íslensk stjórnvöld tilnefni mannvirki hér á landi sem hluta af ómissandi innviðum í Evrópu. Fyrst um sinn fjallar tilskipunin eingöngu um **orku og samgönguvirki** en stefnt er að því að taka **fjarskipta og upplýsingatæknigeirann** undir tilskipunina á síðari stigum. Áður en til slíkrar tilnefningar kemur þarf að liggja fyrir ákvörðun íslenskra stjórnvalda á grundvelli íslenskra laga um hvað teljist til ómissandi innviða hér á landi samkvæmt íslenskum lögum.

Ákvörðun um tilnefningu mannvirkja sem ómissandi innviða í Evrópu kann að hafa áhrif á markaðsstöðu rekstraraðila þegar litið er til þeirra öryggiskrafna sem kunna að vera gerðar til þeirra. Vegna landfræðilegrar legu Íslands tengjast samgöngu og orkumannvirki hér á landi ekki sambærilegum mannvirkjum í Evrópu með sama hætti og mannvirki á meginlandi Evrópu gera. Öðru máli kann að gegna um fjarskipta og upplýsingatæknigeirann sem fyrirhugað er að taka upp á síðari stigum í tilskipunina. Fjallað er um ómissandi upplýsingainnviði í nýsamþykktum breytingum á fjarskiptalögum þ.e. upplýsingakerfi þeirra mikilvægu samfélagslegu innviða sem tryggja eiga þjóðaröryggi, almannaheill og margs konar öflun aðfanga í þróuðu og tæknivæddu þjóðfélagi. Um er að ræða þann tækja- og hugbúnað sem nauðsynlegur er til reksturs og virkni kerfisins og þær upplýsingar sem þar eru hýstar eða um kerfið fara. Ríkislögreglustjóra er í fjarskiptalögum falið að skilgreina ómissandi upplýsingainnviði.

Hvað er það sem vantar til að við uppfyllum kröfur?

Sjá hér að ofan.

Fá nánari útlistun á hvað stendur fyrir dyrum

Í samræmi við ákvæði almannavarnalaga og ályktanir almannavarna og öryggismálaráðs verður lögð áhersla á vernd ómissandi innviða á ýmsum sviðum. Á þeim grunni verður unnið að gerð hættumats, könnun á áfallapoli og gerð viðbragðsáætlana sem miða að vernd ómissandi innviða. Innleiðing þessarar tilskipunar er ekki forsenda þess að sú vinna fari fram.

Hins vegar er það samstarf sem fjallað er um í tilskipuninni gagnlegt fyrir Ísland. Þar sem þessi tilskipun er tekin upp í bókun 31 við EES-samninginn munu íslensk stjórnvöld taka þátt í þessu samstarfi og tileinka sér verklag og vinnuaðferðir varðandi vernd ómissandi innviða.

Hvað rekur á eftir þessu?

Tillagan miðar að þátttöku í samstarfi EESríkjanna á grundvelli EES-samningsins.

Hvaða lagabreytinga er þörf?

Það kann að þurfa skýrari lagagrundvöll til þess að tilnefna ómissandi innviði hér á landi sem hluta af ómissandi innviðum í Evrópu. Engra lagabreytinga er hins vegar þörf til þátttöku í

samstarfi um greiningu og mat á vernd og öryggi ómissandi innviða. Verklag og ákvörðunarferli um vernd ómissandi innviða krefst ekki lagasetningar hér á landi, enda í aðalatriðum í samræmi við þá aðferðarfræði sem kveðið er á um í almannavarnalögum. Innan ramma almannavarnalaganna er því unnt að fullnægja kröfum tilskipunarinnar um áhættumöt, öryggisáætlanir o.fl.

Uppfylla núgildandi lög lágmarkskröfur á grundvelli viðkomandi ESB-gerðar og annarra skuldbindinga samkvæmt EES samningnum?

Sjá hér að ofan.

Er þetta gert „af því bara“?

Um er að ræða upptöku gerðar í bókun 31 við EES-samninginn þar sem fjallað er um nána samvinnu EES-ríkja sem stuðlar að því að ná markmiðum EES-samningsins skv. 1. gr. hans.

Er gengið lengra en viðkomandi gerð gefur tilefni til?

Nei.

Er hugsanlegt að væntanlegt frumvarp feli í sér viðbætur eða tengda þætti sem viðkomandi ráðherra hyggst leggja til að verði lögfestir?

Það er líklegt að væntanlegt frumvarp tengist lagasetningu almennt um skilgreiningu og vernd ómissandi innviða, en þar yrði fjallað um lagalegar skyldur á alla þá sem annast rekstur ómissandi innviða til að viðhafa lágmarks öryggisráðstafanir á þessu sviði. Í þessu sambandi er minnt á samþykkt almannavarna og öryggismálaráðs dags. 10. júní 2009 um undirbúning og gerð viðbragðsáætlana s.s. um vernd mikilvægra samfélagsinnviða og netöryggis.

Kostnaður

Á hverjum lendir „ekki umtalsverður“ kostnaður, sbr. orðalag þáttill.?

Kostnaður vegna tilskipunarinnar sem slíkrar felst fyrst og fremst í samráði á vettvangi EES-samstarfsins um vernd ómissandi innviða.

Hver er hugsanlegur kostnaður?

Stjórnsýslukostnaður vegna þátttöku í samstarfi skv. tilskipunni.

Hver ber hann?

Viðkomandi stjórnvald – innanríkisráðuneytið, ríkislögreglustjóri, hlutaðeigandi stofnanir.

Hvaða aðilar reka þau kerfi sem þetta tekur til og kostnaður gæti lagst á?

Um er að ræða orku- og samgönguvirki. Þar sem þessi tilskipun felur ramma um samstarf og samráð en ekki bindandi reglur leiðir ekki af þessar tilskipun beinan kostnað fyrir rekstraraðila grunnvirkja.